

Dags. 9.apríl 2010

Stjórnvaldssekt vegna brota á 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði

Þann 23. febrúar 2010 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Thule Investments ehf. vegna brota á 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Í nóvember 2009 kynnti Thule Investments ehf., á heimasíðu sinni, fagfjárfestasjóði í rekstri félagsins undir heitinu „fjárfestingarsjóður“.

Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2003 er fjárfestingarsjóðum sem falla undir nefnd lög einum heimilt að nota orðið „fjárfestingarsjóður“ í heiti sjóðsins eða til nánari kynningar á starfsemi hans.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að háttsemi Thule Investments ehf. hefði farið í bága við 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2003 og bæri að ljúka málinu með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar var litið til alvarleika brotsins og sambærilegra mála. Með hliðsjón af framangreindu þótti hæfilegt að gera Thule Investments ehf. að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 1.000.000.-